

Akraneskaupstaður
Stíllholti 16-18
300 Akranes

Reykjavík, 20. maí 2022
UST202205-089/H.Þ.
08.15

Efni: Endurskoðun á skilgreiningu síður viðkvæms viðtaka

Umhverfisstofnun vísar grein 20. í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ þar sem fram kemur að skilgreina þurfi viðtaka skólps sem síður viðkvæman áður en eins þreps hreinsun á skólpi er heimiluð. Endurskoðun á skilgreiningu á viðtaka þarf að fara fram á a.m.k. fjögurra ára fresti (gr. 20.6) og viðtakinn vaktadur til að staðfesta að losun hafi ekki óæskileg áhrif á viðtaka (gr. 20.4).

Skilgreining á síður viðkvæmum viðtaka á skólpi frá Akranesi var síðast staðfest þann 9. desember 2009. Að öðrum kosti skal tveggja þrepa hreinsun komið á innan sjö ára frá því að skilgreiningu er breytt skv. 7. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar.

Sveitarstjórnir sem óska þess að viðtaki verði skilgreindur síður viðkvæmur skulu í samráði við heilbrigðiseftirlit senda tillögu að skilgreiningu viðtaka sem síður viðkvæms ásamt fullnægjandi gögnum til Umhverfisstofnunar. Stofnunin metur hvort gögnin sýna góða hæfni viðtaka til að taka við og eyða skólpi og eru í samræmi við fylgiskjal 2 og staðfestir skilgreininguna.

Síður viðkvæmur viðtaki er ármynni og strandsjór þar sem endurnýjun vatns er mikil og losun tiltekinnar mengunar er ekki talin hafa skaðleg áhrif á umhverfið. Sjór eða hafsvæði getur talist síður viðkvæmt svæði ef losun skólps hefur ekki skaðleg áhrif á umhverfið vegna formfræðilegra, vatnafræðilegra eða annarra sérstakra aðstæðna í vatninu.

Almennt eru allir viðtakar venjulegir og gildir því krafa um tveggja þrepa hreinsun. Frá þeirri meginreglu eru tvær undanþágur/sérreglur, annars vegar fyrir minni hreinsun (síður viðkvæmir viðtakar) og hins vegar fyrir frekari hreinsun (viðkvæmir viðtakar).

Þettbýli sem geta óskað eftir skilgreiningu viðtaka sem síður viðkvæms eru:

- **Þettbýli sem losa milli 10.000- 150.000 pe. í sjó** og þettbýli sem losa milli 2.000 og 10.000 pe. í ármynni ef rannsóknir sýna að losun skólps hefur ekki skaðleg áhrif á umhverfið.
- Þettbýli sem losa meira en 150.000 pe. ef auk þess er hægt að sýna fram á að þróaðri hreinsiaðferðir hafi engin umhverfisbætandi áhrif.

Losun fráveituvatns er í vatnshlotið Akranes nr. 104-1388-C og er samkvæmt gerðalýsingu opið vatnshlot. Bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu öll vatnshlot vera í góðu eða mjög góðu vistfræðilegu ástandi

og komi í ljós neikvæð áhrif vegna losunar þarf að ráðast í aðgerðir við að draga úr álagi á það.

Í ljósi ofangreinds þá er skilgreining á síður viðkvæmum viðtaka fyrir losun skólps frá Akranesi runnin út og þar með skal tveggja þrepa hreinsun komið á innan sjö ára frá dagsetningu þessa bréfs. Að öðrum kosti skal sveitarfélagið á ný senda gögn til Umhverfisstofnunar til skilgreiningar á síður viðkvæmum viðtaka sbr. 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst,

Hólmfríður Þorsteinsdóttir
sérfræðingur

Halla Einarsdóttir
teymisstjóri